

Íslenskur iðnaður

SI Fréttablað Samtaka iðnaðarins

9. tbl. 10. árg. September 2004

Fagmennska Tískuteymi SI vekur athygli:

Sex þjóðþekktir Íslendingar í höndum meistara

Sjá nánar um
Tískuteymi SI
og kynningu
Morgunblaðsins á
þeim á miðopnunni
aok mynda frá
forsýningu SI
10. september sl.



Jón
Arnar
Magnússon
frjálsþrótta-
maður



Jón
Sigurðsson
forstjóri
Öxur hf.



Brynhildur
Guðjónsdóttir
leikkona



Jónas
Jónasson
útvarpsmaður



Þorgerður
Katrín Gunnarsdóttir
menntamála-
ráðgjafi



Sr. Jóna
Hrönn Bolladóttir
miðborgar-
prestur

Tekji er við fyringunum
um Tískuteymi SI á netfangi
tiskuteymi@si.is

TÍSKUTEYMI SI
- lausnir fyrir alla

Afar góð reynsla af evrunni

Reynsla Evruþjóða af evrunni hefur verið afar góð síðan hún var tekin í notkun fyrir tæpum sex árum. Þetta kom fram á fundi sem Samtök iðnaðarins og Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands héldu sameiginlega 21. september. Ræðumaðurinn, dr. Paul van den Noord, deildarstjóri á hagfræðideild OECD í París, sem sér um gerð árlegrar skýrslu stofnunarinnar um efnahagsmál á Evrusvæðinu, reifaði kosti og galla evrunnar og hvað þjóðirnar þurfa að gera til að njóta ávinnings af henni.

Ávinningurinn er skýr

Efnahagslegur ávinningur af ESB aðild og upptöku evrunnar byggist á þátttöku á hinum sameiginlega markaði sem hefur leyst úr læðingi mikla verðmætasköpun. Með evrunni hurfu gengissveiflur í viðskiptum Evruþjóða, fjármálamarkaðir dýpkuðu, vextir urðu áþekkir á svæðinu í heild, verðlagning varð gegnsæ og samkeppni jókst. Ávinningurinn af því hagræði mun aukast eftir því sem myntsamstarfið festist í sessi.

Evrann hefur staðist væntingar

Ýmis áföll dundu yfir heimsbyggðina eftir að evran var tekin upp. Hlutabréf hröpuðu árið 2000, hryðjuverkaárásir voru gerðar árið 2001 og hagkerfi heimsins fór í gegnum krappa lægð. Þrátt fyrir það gekk evru-

samstarfið vel þótt stærra aðildarríkin hafi átt í vandræðum með að halda ríkisfjármálum sínum innan þeirra marka sem gert er ráð fyrir í sáttmálanum um stöðugleika og hagvöxt. Rót vanda þeirra er aðallega skortur á sveigjanleika á vinnu- markaði. Það ástand hefur ekki með evruna að gera og þau njóta einnig ávinnings af henni. Talið er að ástandið í Þýskalandi væri verra nú ef evrunnar hefði ekki notið við.



Smærri ríkin réðu við mun lægri vexti og gengi

Helstu áhyggjur af upptöku evrunnar í smærri ríkum sambandsins voru að verðbólga færi úr böndunum þegar þau hefðu ekki lengur eigin peningastjórn og vaxtastigið lækkaði til jafns við stærra aðildarríkin. Það merkilega er að smærri ríkin réðu við upptöku evrunnar þó að peningaleg skilyrði yrðu skyndilega mun hagstæðari. Ofan á langtímaávinninginn af lækkun vaxta kom tímabundið ástand þar sem gengi evrunnar lækkaði mikið og vextir á svæðinu í heild voru lækkaðir vegna veikburða ástands í stærra ríkjunum. Smærri ríkin fundu því fyrir gífurlega jákvæðri breytingu í peningalegum skilyrðum. Hagfræðingar tala um „áfall“ í þessu samhengi. Verðbólgan jókst nokkuð og fasteignaverð hækkaði í mörgum þeirra. Á móti kom að hin alþjóðlega niðursveifla hafði áhrif til að verðbólgan rénaði. Þá var munur á verðbólgu milli einstakra landa á Evrusvæðinu ekki teljandi meiri en milli ólíkra svæða innan Bandaríkjanna. Það er merkileg niðurstaða að verðbólgan fór ekki úr böndunum.

Írska undrið

Talað hefur verið um Írska undrið, vegna mikilla efnahagsframsvara í landinu frá aðild að ESB. Rétt er að Írar nutu þess að launastigið var lágt og nægt vinnuafli var til staðar. En árangur Íra tengist að miklu leyti skynsömu vali þeirra. Þeir hafa lagt áherslu á sveigjanlegan vinnuafli og hófsemi í launamálum, skynsamlega stjórn ríkisfjármála, menntamál og hátækni- fram-

leiðslu. Fyrir vikið hafa þeir uppskorið mikið innflæði erlendra fjárfestingar, sérstaklega frá Bandaríkjunum. Þótt hagvöxtur hafi haldið áfram að vera langmestur á Írlandi eftir að evran var innleidd hefur Írum tekist að draga úr verðbólgunni. Ástæðuna má einkum rekja til mikillar framleiðni aukningar sem byggist á framan- greindum þáttum.

Mikil eftirspurn minna vandamál

Fleiri þættir útskýra árangur hinna smærri ríkja Evrusvæðisins við að auka hagvöxt en hemja verðbólgu. Helst má nefna samþættingu vöru og þjónustu- markaða á svæðinu í heild. Það hefur dregið úr áhrifum takmarkana í innlendra framleiðslugetu sem kynda undir verðbólgu. Auðveldara er að sinna umfræftirspurn með innfluttri vöru og þjónustu en áður.

Viðskiptasveiflur verða samhverfar

Staðhæft hefur verið að ríki í myntsamstarfi, sem verður fyrir sérstöku áfalli, eigi erfiðara með að komast úr lægð vegna þess að peningastefna svæðisins er því óhagstæð. Þessar áhyggjur hafa reynst óþarfar. Með samþættingu vöru- og fjármálamarkaða hefur dregið úr áhrifum einstakra áfalla og í raun leitt til þess að viðskiptasveiflur landanna hafa orðið meira samstíga. Um leið hefur komið í ljós að minni líkur eru á fjármálakreppu í kjölfar áfalla þar sem gengissveiflur eru ekki lengur til staðar. Þó er ljóst að ríkisfjármálin fá aukið vægi í myntsamstarfi við að draga úr sveiflum með svokallaðri sjálfvirkri sveiflujöfnun. Mikilvægt er að ríkisfjármálin standist þær kröfur sem til þeirra eru gerðar.

Ávinningurinn krefst réttra viðbragða

Að lokum var dregið fram mikilvægi þess að ríki með hátt tekjustig stuðli að því að þegnarnir fái tækifæri til að afla sér viðeigandi menntunar en það auðveldar fyrir- tækjunum að innleiða tækninýjungar og auka framleiðni. Írska leiðin, að stórauka sjálfbærar hagvöxt á grundvelli útflutnings á alþjóðamarkaði, er öllum fær í myntsamstarfinu ef ríkin tryggja réttar aðstæður fyrir slíka markaðsstarfsemi. Um leið njóta þau hins mikla ávinnings af evrunni.

Þorsteinn Þorgeirsson



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
9. töl. September 2004
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 24.09.2004
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Odd Stefán, Bára Kristinsdóttir, Kristinn Ingvarsson
Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritad efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Ályktun stjórnar Félags vinnuvélaeigenda

Á fundi stjórnar Félags vinnuvélaeigenda, sem haldinn var þriðjudaginn 14. september 2004, var eftirfarandi ályktun samþykkt:

„Félag vinnuvélaeigenda hefur lengi litið til Reykjavíkurborgar sem fyrirmyndar annarra opinberra stofnana á sviði útboðsmála. Hvort tveggja er að borgin hefur verið ötul að efna til útboða og jafnframt sett sér skýrar vinnureglur um framkvæmd þeirra.

Félagið lýsir hins vegar yfir miklum áhyggjum vegna nýlegra útboða Reykjavíkurborgar og stofnana í hennar eigu þar



sem borgarfyrtæki eru farin að keppa um verkefni fyrir borgina við almenn fyrirtæki. Það kann vel að vera að borgarfyrtækin séu reikningslega aðskilin en stjórnendur sitja gjarnan beggja megin borðs og það er ekki ásatnanlegt að sama fólk sitji við stjórnvölinn hjá bjóðendum og kaupendum. Slíkt samræmist ekki nútímalegri stjórnsýslu sem hefur gagnsæi og jafnræði að leiðarljósi, eins og réttilega er getið í innkaupa-stefnu Reykjavíkurborgar.

Þátttaka Vélamiðstöðvar ehf. og Malbikunarstöðvarinnar Höfða í útboðum á vegum Reykjavíkurborgar og stofnana, sem borgin á ráðandi hlut í, er óviðunandi.

Félag vinnuvélaeigenda hefur miklar áhyggjur af þessari þróun innkaupamála Reykjavíkurborgar og hvetjur borgaryfirvöld til að snúa af þessari braut og hverfa aftur til eðlilegra viðskipta á tilboðsmarkaði þar sem gagnsæi og jafnræði ríkir og bjóðendur geta treyst að boð þeirra séu metin af hlutleysi."

Reykjavík, 14. september 2004
Stjórn Félags vinnuvélaeigenda

Frekari upplýsingar veitir Elías Pétursson formaður Félags vinnuvélaeigenda í síma 892 0989.



Nýir félagsmenn

Hurðarþjónustan ÁS ehf.
Dalvegi 10
201 Kópavogi
Hurðaframleiðandi

Eðalfiskur ehf.
Sólbakka 6
310 Borgarnesi
Matvælaframleiðandi

Móðir náttúra ehf.
v/Gufunesveg
112 Reykjavík
Matvælaframleiðandi

Bláa lónið heilsuvörur ehf.
Svartsengi
240 Grindavík
Heilsuvöruframleiðandi

Nýtt hús ehf.
Bleikjukvísl 2
110 Reykjavík
Húseiningaframleiðandi

Kerfóðrun ehf.
Blikaási 2
221 Hafnarfirði
Fóðrun og viðgerðir
álbræðslukera

Ráðherra opnar nýtt vefsvæði Múlalundar

Árni Magnússon, félagsmálaráðherra opnaði fyrir skömmu nýtt og notendavænt vefsvæði Múlalundar, vinnustofu SÍBS. Lóð hins nýja vefsvæðis er www.mulalundur.is.

Félagsmálaráðherra sagðist þakklátur fyrir að eiga þess kost að heimsækja Múlalund. Þar væri framleidd fyrsta flokks vara og vörubrúun væri mikil. Hann sagði ennfrémur að ráðuneytið hefði hug á að efla samskiptin við Múlalund, einkum með aukin viðskipti í huga. Hann kvaðst einnig ætla að reyna að koma til móts við óskir um að Múlalundur fengi heimild til að ráða fleira fólk til starfa enda væru verkefnið meiri en svo að unnt væri að anna þeim með núverandi mannafla.

Múlalundur er elsta og stærsta öryrkjavinnustofa landsins og er sérhæfð í að framleiða plast- og pappavörur fyrir skrifstofur. Auk þess hefur Múlalundur ýmsa fylgihluti á boðstólum.

Helgi Kristófersson, framkvæmdastjóri Múlalundar, sagði að nýja vefsvæðið auðveldaði markaðssetningu í þeirri hörðu samkeppni sem ríkti á markaði fyrir skrifstofuvörur þar sem starfsmenn geti sjálfir gert breytingar á vefsvæðinu, s.s. varðandi vöruframboð og tilboð. Helgi sagði að



Múlalundur hefði alltaf lagt áherslu á íslenska framleiðslu en erfitt væri að keppa við innflutninginn þar sem í Múlalundi væri margt unnið í höndum sem hagkvæmara væri að vélvæða. Kostur handvinnunnar væri hins vegar sá að Múlalundur gæti leyst verkefni sem aðrir réðu ekki við t.d. að framleiða sérprentaðar möppur sem efni er raðað í fyrir fundi eða markaðsátak. Aðalmarkmið Múlalundar væri að hjálpa fólki til betra lífs og það væri ánægjulegt að sjá fólk með skerta starfsorku eftir veikindi eða slys fara þaðan til náms eða á hinn almenna vinnumarkað.

Þóra Kristín Jónsdóttir



Tímarit Morgunblaðsins. Útgefandi: Árvakur N. Umeyjón: Margrét Sigurðardóttir og Valgerður Þ. Jónsdóttir Blaðamaður: Elínróa Lindal. Ljósmyndun: Kristín Ingvarsson.



Tímarit Morgunblaðsins fylgdist í sumar með sex Tískuteymi

Fagmennska í tísku



Kristrún Helmsdóttir umsjónarmaður þjónustugreina SI og Brynjar Ragnarsson markaðsstjóri SI tóku á móti gestum. Hér má sjá sr. Jónu Hrönn Bolladóttur miðborgarprest og eiginmann hennar Sr. Bjarna Karlsson mæta til leiks ásamt dóttur þeirra Matthildi Bjarnadóttur.



Fjólmennti var á forsyningu SI á umfjöllun Tímarits Morgunblaðsins um Tískuteymi sem fram fór í glæsilegum veitingasali IDU á 2. hæð að Lækjargötu 2a.

Hjá Samtökum Iðnaðarins hefur samstaða fyrirtækja í markaðsstarfi oftast en ekki sannað gildi sitt og skilað þátttakendum góðum árangri. Nýjasta dæmið eru svonefnd Tískuteymi SI en þau eru skipuð framsæknu fagfólki úr þjónustugreinum innan SI, þ.m.t. klæðskerum, kjólamesturum, gullsmiðum, úrsmiðum, snyrtifræðingum og hárgreiðslumeisturum auk fulltrúum frá Leðuriðjunni Atson sem er framleiðandi fylgihluta ýmiskonar.

Þrátt fyrir ólíkan starfsvettvang vinna teymiin sameiginlega að markaðsstarfi sínu með SI undir kjörorðinu Fagmennska í tísku - lausnir fyrir alla. Hlutverk teymanna er að vekja athygli á fagmennsku og möguleikum á heildarlausn fyrir fólk af öllum stærðum og gerðum í öllu er varðar útlit þess, förðun, hárl, fatnað og skart í leik og starfi.

Föstudaginn 10. september efndu SI til forsyningar á Tímariti Morgunblaðsins í tilefni umfjöllunar ritisins á sex Tískuteyimum SI en þau unnu í sumar að heildarútliti og meðhöndlun sex þjóðþekktara Íslendinga sem eru: Jónas Jónasson útvarpsmaður, Jón Sigurðsson forstjóri Össurar hf., Jón Arnar Magnússon frjálsíþróttamaður, Brynhildur Guðjónsdóttir leikkona, Þorgerður



Elínróa Lindal blaðamaður átti vegg og vanda að umfjöllun Tímaritsins um Tískuteymi SI. Hún syndi teymi unum og SI geysilega lipurð í starfi og vandvirkni í hlvetna og veittu SI henni glæsilega handunnna leður tösku frá Leðuriðjunni Atson í þakklætisskyni.



Edda Jónsdóttir hjá AP almennatengslum var að vonum ánægð með útkomuna.



Hrafnhildur Arnardóttir hárgreiðslumeistarinn hjá Hárný, Þuríður Halldórsdóttir hárgreiðslumeistarinn hjá Ónix og Hrafnhildur Konráðsdóttir



Jónína Hallgrímsdóttir snú Rósa Gunnlaugsdóttir í Le Bolladóttir, Kristrún Heim



teymum SI fara höndum um sex þjóðþekktu Íslendinga:

u - lausnir fyrir alla



Helga Sólveig Snorradóttir hárgreiddslumeistari í Höfuðnum, Helga Jónsdóttir gullsmíður í Gullkúnst / smíðu Helgu, María Gunnarsdóttir kjóla-meistari í Saumum-HG fox og Ljía Dógg Gylfadóttir kjólasveinn.

Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og sr. Jóna Hrónn Bolladóttir miðborgarprestur.

Yfirumsjón með verkefninu höfðu þau Krístrún Heimisdóttir og Brynjar Ragnars-son hjá SI, verkefnisstjóri var Edda Jónsdóttir hjá AP almannatengslum, Elinrós Lindal var blaðamaður og stílisti og Kristinn Ingvarsson hjá Morgunblaðinu ljósmyndaði. Árangurinn var svo kynntur landsmönnum í Tímariti Morgunblaðsins 12. september sl.

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra fékk fyrst allra Íslendinga þjónustu Tískuteymi á vegum SI síðastliðinn vetur í tengslum við Tískudaga iðnaðarins sem þá voru haldnir. Á vettvangi SI er stefnt að áframhaldandi markaðsstarfi Tískuteymi SI og frekari landvinn-ingum meistara og fagfólks í þjónustugreinum innan SI og er tíðinda að vænta innan skamms.

þjónusta Tískuteymi SI stendur fyrirtækjum og einstaklingum til boða og er áhuga-sömum bent á að senda fyrirspurnir um teymin á netfangið tiskuteymi@si.is.



Eftirvænting gesta var mikil þegar hulumni var svipt af umfjöllun Tímarits Morgunblaðsins.



Sigurður G. Steingrímsson gullsmíður í Gulli og Silfri og Kristinn Ingvarsson ljósmyndari Morgunblaðsins.



Helga Ólafsdóttir ritstjóri tímaritsins Matartíminn og eigismaður hennar Helgi Björn Kristinsson sóknstjóri hjó Plastrent voru himinlifandi yfir veitingunum.

TÍSKUTEYMI SI
- lausnir fyrir alla



Yfirfræðingur á Snyrtistofu Jónu, Þórunn Þórunn Atson, Móna Hrónn Snósdóttir og Matthildur Bjarnadóttir.



Fríður hópur stjórnskvanna í Félagi Íslenskra snyrtifræðinga. F.v. Anna María Jónsdóttir í Laugum Spa, Hildur Erna Ingadóttir og Guðrún Pétursdóttir.



Glæsilegt híaðborð, híaðið ávöxtum og humar frá veitingaáðilum á 2. hæð í IDU að Larkjargötu 2a.

MarOrka setur markið hátt



Sprotafyrirtækið MarOrka ehf. hefur þróað eigin hugbúnað og orkustjórnunarkerfi fyrir fiskiskip til að ná fram sem hagkvæmastri orkunýtingu þeirra. MarOrka var stofnað fyrir tveimur árum en á þó rætur sínar að rekja allt til ársins 1995 í Kælismiðjuna Frost sem það ár fékk verkefnastyrk frá Iðntæknistofnun til að skoða möguleika á betri kælingu afla um borð í nótaskipum. Tveimur árum síðar keypti danska fyrirtækið Sabroe Refrigeration vöruþróunina af Kælismiðjunni og réð Jón Ágúst Þorsteinsson, verkfræðing, til að stýra verkefninu frá Danmörku.

Bandarískt stórfyrirtæki, York International að nafni, kaupir Sabroe árið 1999 og þá vakna hugmyndir um að stækka umfang verkefnisins til að það nái til alls orkukerfis skips en ekki eingöngu til kælitækninnar. Árið 2000 var gert samkomulag við York um að gera verkefnið að doktorsverkefni Jóns Ágústss við Álaborgarháskóla og Háskóla Íslands og það ár fékk hann norrænan styrk til þriggja ára sem var veittur til rannsókna á orkubúskap fiskiskipa. „Ég sá þá tækifæri til að fleyta því áfram,“ segir Jón Ágúst sem verið hefur framkvæmdastjóri MarOrku frá upphafi. „York sleppti hins vegar takinu á verkefninu því að það vildi halda sig við kjarna starfssemi sína sem er kælitækni. Þess vegna fékk ég að fara með þetta heim aftur.“ Jón Ágúst segir að MarOrka eigi þó

náið samstarf við York sem kaupir af því bestunar- og hermunarverkefni. „Seint á árinu 2000 kom VSÓ ráðgjöf til liðs við mig og ég flutti í húsnæði þeirra í Borgartúni 20.“

Vaxandi eftirspurn eftir raungreinamenntuðu fólki

„Þegar olíuverð hækkaði hér áður var farið að skoða möguleika á svartolíubrennslu og breytingum á búnaði en heildarsamvirki orkukerfa um borð í fiskiskipum hefur aldrei fyrr verið skoðuð, þ.e. hvernig lagið á skipinu, skráfan og orkukerfið skapa eina heild og skipið er hannað með tilliti til þess,“ segir Jón Ágúst. „Þegar útgerðarmaður hefur í hyggju að láta smíða skip byggjum við upp stærðfræðilíkan sem getur lýst skipinu mjög nákvæmlega, t.d. hvernig mótstaðan er og orkupörfin og það hefur fengið mjög góðar viðtökur,“ segir Jón Ágúst. „Slík hönnunarvinna útheimtir mikla tæknilega sérfræðiþekkingu og þess vegna eru nær allir okkar starfsmenn með háskólagráðu í tölvunarfræði, vélaverkfræði eða rafmagnsverkfræði og það styttest í að við leitum eftir fólki með stærðfræði- og eðlisfræðimenntun.“ Jón Ágúst segir að samkeppni ríki nú um starfsfólk með þá menntun hér á landi og að brýnt sé að fleira ungt fólk afli sér slíkrar menntunar enda bíði glæsileg framtíð þeirra sem velja þá leið.

Stofnun raungreinaháskóla forsenda uppbyggingar hátæknifyrirtækja

„Við þurfum að eignast það sem ég kalla raungreinaháskóla sem menntar m.a. verkfræðinga, tæknifræðinga, eðlisfræðinga og stærðfræðinga. Viðskiptagreinarnar mega þó ekki gleymast í þessu samhengi því að þær þurfa að tengjast menntun í raungreinum, hvort sem viðskiptagreinarnar verða innan sömu stofnunar og raungreinarnar eða ekki. Ég tel brýnt að rannsóknastofnanir iðnaðarins tengist slíkum tækni- eða raungreinaháskóla,“ segir Jón Ágúst. Sprotafyrirtæki, sem spretta út úr háskólaumhverfi, þurfi á stuðningi að halda og það sé líka hlutverk háskólaumhverfisins að koma þeim á legg, t.d. í eins konar vísinda- eða tæknigarði.

Jón Ágúst var kjörinn fyrsti formaður nýstofnaðra Samtaka sprotafyrirtækja, SSP. Eitt af helstu verkefnum SSP er að stuðla að því að tæknimenntunin verði eflað og til verði einn öflugur raungreinaháskóli. „Við teljum að það sé ein meginforsenda þess að við getum byggt upp hátækni-fyrirtæki. Við verðum að hafa aðgang að vel menntuðu raungreinafólki. Fyrirtæki eins og t.d. Marel og Össur hafa sannað að hér er hægt að byggja upp stór alþjóðleg hátækni-fyrirtæki en slík fyrirtæki þurfa bara að verða fleiri.“ Einn meginþáttur framtíðarsýnar hinna nýju samtaka er að fyrir árið 2010 fjölgi þeim hátækni-fyrirtækjum, sem hafa náð eins milljarðs króna ársveltu, um a.m.k. tvö á hverju ári og Jón Ágúst segir að MarOrka ætli að verða í þeim hópi.

Nauðsyn að breyta viðhorfi til sprotafyrirtækja

En hvað var erfiðast í því ferli að koma MarOrku á legg? Jón Ágúst segir að langerfiðast hafi verið að komast yfir fé til að halda fyrirtækinu gangandi. „Fjárfestar koma ekki nálægt svona fyrirtækjum. Það gerist ekki fyrr en rétt áður en þau koma með vöruna og sýna sig á markaði. Þá vaknar áhugi þeirra. Við vorum svo lán-söm að fá mjög góðan styrk úr norrænum og íslenskum sjóðum. Rannís og Nordisk energiforskningsprogram hafa t.d. stutt okkur og við höfum líka fengið stuðning frá AVS (Aukið virði sjávarfangs) og NORA. Þá hafa útgerðarmenn verið mjög jákvæðir og

frh. á bls. 7

Thomas Hawson færir Alþingi stól að gjöf

Hönnuðurinn og handverksmaðurinn Thomas Hawson frá Skotlandi gaf Alþingi nýlega stól sem er hliðstæður þeim sem skoska þingið gaf Alþingi fyrr í sumar. Thomas hannaði og smíðaði báða stólana en form þeirra sótti hann til víkingaskipa. Jónína Bjartmars, varaforseti Alþingis, veitti gjöfinni viðtöku. Sá sem skoska þingið gaf Alþingi árið 2000 er hannaður með tilvísun til stefnis víkingaskips en sá, sem Tómas gaf þinginu, vísar til skutsins.



„Ég hef starfað með Íslendingum nú í yfir þrjú ár og örlæti og samkennd Íslendinga hafa hvatt mig mjög til dáða. Þakka þér, Ísland,“ sagði skoski listamaðurinn Thomas Hawson þegar hann afhenti Alþingi sérhannaðan stól að gjöf.

Jónína Bjartmarz og Thomas Hawson á tveggja manna tali í stólunum góðu.

Ljós. Árni Torfason

Skömmu áður hafði breski sendiherrann á Íslandi opnað sýningu á smíðisgripum eftir Thomas í húskynnum Handverks og hönnunar í Aðalstræti 12 í Reykjavík. Þar var sýnd frumgerð af borðstofuborði og stólum úr bandarískri eik og áli sem framleitt var hér á landi. Tómas hefur átt samstarf við ýmsa íslenska handverksmenn undanfarin þrjú ár og hefur

mikinn hug á að kynna á erlendum markaði íslenskt handverk sem byggt er á

gamalli þjóðlegri hefð með útflutning fyrir augum.

Marorka setur markið hátt

stutt okkur með því að kaupa af okkur lausnir. Nú er MarOrka farin að skila hagnaði eftir 8 til 10 ára basl. Það er mikilvægt að við breytum ríkjandi viðhorfi til sprotafyrirtækja. Menntofna ekki hátækni-fyrirtæki frá einum degi til annars. Ferillinn er langur og erfiður,“ segir Jón Ágúst.

Ánægjulegast að vinna að góðri hugmynd með frábæru fólki

En hvað hefur þá verið ánægjulegast við þetta basl? „Þetta hefur verið gífurlega spennandi,“ segir Jón Ágúst. „Það er svo gaman að fá tækifæri til að vinna að einni góðri hugmynd og mikið á sig leggjandi fyrir að fá að vinna með því frábæra fólki sem starfar hjá MarOrku.“ Til þessa hefur fyrirtækið einkum beint sjónum sínum að því að draga úr orkunotkun fiskveiðiskipa sem þegar eru í rekstri og einnig að frumhönnun fiskiskipa en stefnir nú á flut-

ingaskipin. „Við framleiðum stærðfræði líkön á hönnunarstigi slíkra skipa og setjum upp í skipinu með tækjabúnaði og stofnkerfi sem hefur eftirlit með öllum orkukerfum skipsins og gerir tillögu að hagkvæmstu keyrslu þeirra allra. Við sleppum ekki hendi af verkefninu fyrr en allur tækjabúnaður er orðinn samhæfður og skipið er rekið af orkustjórnunar-kerfinu.“

Sprotar sameiginlegt verkefni margra stofnana

Hvað knúði á að stofna SSP? „Þetta snerist ekki bara um peninga,“ segir Jón Ágúst, „heldur að ná utan um tiltekna frumkvöðlastarfsemi í landinu en hún er mjög misjöfn. Sprotar eru hópur fyrirtækja sem byggja tilveru sína á sérhæfðri tækni og mjög mikilli menntun. Hér á landi eru u.þ.b. 200-300 frumkvöðlafyrirtæki og í

þeim hópi eru kannski 20 –30 sprotar sem spretta úr háskólaumhverfi og eru mjög sérhæfðir. Ég tel mjög brýnt að beina athyglinni að því og forðast að setja alla frumkvöðla í sama flokk því að viðfangsefni þeirra og þarfir eru ólík.“ Jón Ágúst telur mikilvægt að fjármagnsfyrirtæki, Útflutningsráð og rannsóknastofnanir líti á sprota sem sameiginlegt verkefni. „Við lítum á MarOrku sem verkefni eigenda, samfélagsins og umhverfisins, verkefni sem við ætlum að gera að stóru hátækniyrirtæki í framtíðinni og viljum eiga samvinnu við umhverfið til að fleyta því áfram. MarOrka hefur t.d. notið mjög góðs af veru sinni í Samtökum iðnaðarins og Útflutningsráð hefur líka veitt okkur mikinn stuðning sem er ekki minna virði en peningar og við vonumst til að eiga gott samstarf við alla þá aðila sem koma að félaginu.“

Þóra Kristín Jónsdóttir

Samtök iðnaðarins, Alþýðusamband Íslands og Bændasamtökin
sameinast um landsátakið

Veljum Íslenskt og allir vinna!

Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra og Guðni Ágústsson, landbúnaðarráðherra hleyptu landsátakinu Veljum Íslenskt og allir vinna af stokkunum að morgni 24. ágúst sl. í húsa-kynnum Mjólkursamsölnunar í Reykjavík. Að áttakinu standa Samtök iðnaðarins, Alþýðusamband Íslands og aðildarfélag þess og Bændasamtök Íslands og aðildarfélag þeirra en Icelandair er samstarfsaðili átaksins.

Markmið þess er að vekja forráðamenn fyrirtækja og stofnana en ekki síst almennings til vitundar um mikilvægi íslenskrar framleiðslu fyrir atvinnu- og verðmætasköpun í landinu.

Valgerður Sverrisdóttir sagði við þetta tækifæri að hugtakið vald kæmi upp í hugann en ekki stjórnvald heldur það vald sem neytendur hafa þegar þeir kaupa vöru eða þjónustu. Guðni Ágústsson fagnaði samstarfi þeirra aðila sem standa að áttakinu og sagðist vona að samstarfið skilað sér í bættum lífskjörum öllum til handa.

Vilmundur Jósefsson, formaður Samtaka iðnaðarins, sagðist vona að þjóðin tæki þessum skilaboðum vel og að þau ykju skilning landans á því að með því að efla



innlenda framleiðslu treystum við eigið atvinnuöryggi.

Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, sagði að óskandi væri að verkefnið gæti í senn stuðlað að því að vekja athygli almennings á mikilvægi innlendra framleiðslu fyrir verðmætasköpun og lífsgæði í landinu og einnig á þeirri öru þróun sem á sér stað í atvinnulífinu um þessar mundir. Það þyrfti tæknivædda framleiðslu og mikla framleiðni til að standa undir háum launum og það ætti að vera sameiginlegt markmið okkar allra.

Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna, sagði að hvert meðalþú í sveit skapaði líklega 3,5 afleidd störf í úrvinnslu og þjónustu. Hann sagði að okkur bæri að nýta landið og auðlindir þess. Eitt af því sem gerði okkur að þjóð væri hvað við framleiddum og störfuðum við.

Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, sagði að stysta og greiðfærasta leiðin að því marki að efla atvinnu í landinu væri að treysta þá starfsemi sem fyrir væri með því að velja innlenda framleiðslu fram yfir innflutta. Það væri engin tilviljun að þessi leið væri valin nú þegar atvinnuleysi væri umtalsvert.

Íslensk framleiðsla stendur undir velferð íslensku þjóðarinnar. Ríflega 20% verðmætasköpunar í

landinu má rekja til íslensks iðnaðar, fimmtungur útflutningstekna kemur frá iðnaði og þar vinnur fimmtungur vinnufærra manna.

Samstarfsaðilar átaksins eru sammála um að með því að velja íslenska framleiðslu er styrkari stoðum rennt undir atvinnustarfsemi í landinu. Á tímum varanlegs atvinnuleysis þar sem um 5 þúsund vinnufærir eru án atvinnu telja þeir afar brýnt að stuðla að fjölgun starfa.

Þóra Kristín Jónsdóttir

Matvæladagur MNÍ 2004

Matvæladagur MNÍ verður haldinn á Hótel Nordica 15. október nk. kl. 13.30-17.45 undir yfirskriftinni:

- Rannsóknir á sviði matvæla og næringar
- Púlsinn tekinn á vísindaumhverfinu og hvað er í farvatninu á Íslandi og erlendis

Á dagskrá eru fyrirlestrar og veggspjaldasýningu. Meðal fyrirlesara verða



Dr. Arne Astrup, yfirlæknir og prófessor í næringarfræði hjá hinum konunglega Landbúnaðarháskóla í Kaupmannahöfn og Dr. Hörður G. Kristinsson, prófessor í matvælafræði við háskólann í Gainesville í Flórída. Auk þeirra flytja er-

indi kennarar við Háskóla Íslands og sérfræðingar á rannsóknastofnunum atvinnuveganna og Landspítala háskólasjúkrahúsi. Ennfremur verða íslenskar rannsóknaniðurstöður kynntar á veggspjöldum. Ráðstefnustjóri verður Dr. Kristberg Kristbergsson, dósent við Háskóla Íslands. Sjá nánari dagskrá á vef SI, www.si.is.

Þátttökugjald er kr. 3500. Þátttöku þarf að tilkynna fyrir 13. október á netfangið: hrolfur@ust.is